



Erindisbréf

fyrir nefndir Sveitarfélagsins Skagastrandar

I. kafli

I. Umboð og hlutverk

1. gr.

Nefndir Sveitarfélagsins Skagastrandar eru skipaðar af sveitarstjórn skv. ákvæðum í samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Ákvarðanir nefnda sem varða fjárhagslega hagsmuni skulu annað tveggja hafa skýra heimild í fjárhagsáætlun eða þurfa samþykki sveitarstjórnar til að öðlast gildi.

2. gr.

Nefndir Sveitarfélagsins Skagastrandar skulu leitast við að tryggja að ákvarðanir þeirra og vinna sé í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og taka mið af almannahagsmunum en ekki sérhagsmunum.

II. Réttindi og skyldur

3. gr.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum Sveitarfélagsins Skagastrandar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eftir atvikum.

4. gr.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

5. gr.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Laun fyrir nefndarstörf eru ákvörðuð af sveitarstjórn og eru samkvæmt samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins. Laun eru greidd mánaðarlega samkvæmt skráningu nefndarformanna um mætingu á fundi.

6. gr.

Fulltrúar í nefndum Sveitarfélagsins Skagastrandar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.



7. gr.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

8. gr.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

III. Starfshættir

9. gr.

Um starfshætti nefnda er sérstaklega fjallað í V. kafla samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

10. gr.

Nefndir Sveitarfélagsins Skagastrandar koma almennt saman fyrir luktum dyrum á boðuðum fundartímum,.

11. gr.

Nefndir skulu halda gerðabók sem ritari færir fundargerð í. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Þá skal koma fram dagskrá fundar og afgreiðslur hans. Nefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók nefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir nefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður nefndarinnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi tölvuröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

12. gr.

Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Við meðferð fundargerða og framlagningu skal trúnaðar gætt um málefni einstaklinga, skv. lögum eða eðli máls, eftir atvikum með yfirstrikun nafna í afritum fundargerða. Fulltrúar nefndarinnar skulu upplýstir um afgreiðslu sveitarstjórnar á einstökum málum á næsta fundi nefndarinnar eða á annan sannanlegan máta.





13. gr.

Formaður sér um boðun funda í samráði við hlutaðeigandi starfsmenn. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

14. gr.

Formaður stýrir fundum nefndar skv. ákvæðum 32. gr. samþykktu um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

IV. Framkvæmd

15. gr.

Til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndar skulu formaður og/eða aðrir fulltrúar í viðkomandi nefnd snúa sér til sveitarstjóra eða annarra starfsmanna eftir eðli máls.

V. Lög og reglugerðir

16. gr.

Í störfum sínum skal hver nefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið hennar gilda hverju sinni.

Þá skal hver nefnd fylgja samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eins og þær eru hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 12. október 2022. Fellur fyrra erindisbréf úr gildi samhliða.

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar


Alexandra Jónsdóttir



Erindisbréf fræðslunefndar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Fræðslunefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni og ber hann ásamt skólastjóra og leikskólastjóra ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

2. gr.

Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar; grunnskóli, leikskóli og Námsstofa Skagastrandar (framhaldsskólamenntun). Nefndin fjallar einnig um og gerir tillögur um stuðning við menntun starfsmanna sveitarfélagsins og um styrki til kennara- og leikskólakennara í staðnámi.

3. gr.

Í fræðslunefnd eiga sæti fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar. Auk þess tilnefnir sveitarstjórn Skagabyggðar einn fulltrúa í nefndina. Fulltrúi Skagabyggðar hefur jafnt umboð annarra í fræðslunefnd til afgreiðslu þeirra mála sem heyra undir nefndina.

4. gr.

Leikskólastjóri, skólastjóri grunnskóla svo og fulltrúar foreldra og starfsmanna viðkomandi stofnana eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar þegar fjallað er um málefni sem varða þeirra stofnanir sérstaklega, ef ekki er verið að fjalla um mál sem snerta þá persónulega.

5. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en nefndin kýs ritara á fyrsta fundi sínum.

II. Hlutverk nefndarinnar

6. gr.

Hlutverk nefndarinnar er:

- að fara með málefni grunnskólans skv. lögum og reglugerðum
- að fara með málefni leikskólans skv. lögum og reglugerðum
- vera sveitarstjórn til ráðgjafar í fræðslu- og daggæslumálum.
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í ofangreindum málaflokkum.
- að fara með málefni fullorðinsfræðslu og fjarnáms.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga;
- að vera umsagnaraðili til sveitarstjórnar um ráðningar forstöðumanna á sviði nefndarinnar, eftir því sem lög og samþykktir sveitarstjórnar gera kröfu til;
- að hafa eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin,
- að starfa með sveitarstjóra að málum er undir hann og nefndina heyra.

7. gr.





Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

Gildistaka

8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 12. október 2022.

Fellur fyrra erindisbréf úr gildi samhliða.


ALEXANDRA JÓHANNESSDÓTTIR

Alexandra Jóhannesdóttir

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar

